

spilltum eða hættulegum afurðum. Hann skal setja skriflegar reglur í samráði við kjötskoðunarlækni og yfirdýralækni um hvenær grípa skuli til innköllunar, hver skuli gera það og hvernig.

13. Almenn t viðhald á byggingum og búnaði:

13.1. Sláturleyfishafi skal skipulega og reglulega skoða ástand bygginga og búnaðar í sláturhúsi og kjötpökkunarstöð. Niðurstöður úr skoðuninni á að skrá og gera skal áætlanir um viðhald og endurbætur eftir þörfum.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins er taki gildi 20. janúar 1999.

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins nr. 40 7. janúar 1998, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Kafli III. Tengigjöld hækkar um 2,4%.

Iðnaðarráðuneytinu, 14. janúar 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.